

5. gr.

12. gr. orðist svo:

Verkefni framkvæmdastjórnar eru einkum þessi:

- a) að gera tillögur til sjóðsstjórnarinnar um þau mál, er sjóðsstjórnin tekur ákvörðun um, þar á meðal um lántökur, lánveitingar, framlög, ábyrgðir, ráðstöfun tekjuafgangs og afskriftir;
- b) að gera tillögu um ráðningu framkvæmdastjóra;
- c) að taka ákvarðanir um starfsemi sjóðsins, þar með talið lánveitingar og framlög, eftir því sem sjóðsstjórnin felur henni, sbr. 10. gr.;
- d) að afgreiða lánveitingar og ábyrgðir skv. samþykktum sjóðsstjórnar;
- e) að undirrita skjöl sjóðsins, hafa umsjón með rekstri hans og starfsemi;
- f) að vinna að því í samstarfi við sjóðsstjórnina, að tilgangi með stofnun sjóðsins verði sem best náð.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt tillögum stjórnar Iðnþróunarsjóðs og með heimild í lögum nr. 9 frá 13. febrúar 1970 með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 43 frá 23. maí 1980, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 29. október 1981.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka, sbr. reglugerð nr. 451/1979, reglugerð nr. 331/1980, reglugerð nr. 617/1980 og reglugerð nr. 232/1981.

1. gr.

Á eftir ákvæði til bráðabirgða í reglugerðinni komi svohljóðandi grein:

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn sjóðsins hefur stofnað til nýs lánaflokks vegna breytinga á kjörum lána fiskiskipa úr sjóðnum og er ákvæði þetta sett til staðfestingar þessa flokks og skilmála hans.

Skilyrði þess, að aðili eigi kost á láni skv. bráðabirgðaákvæði þessu er að hann hafi áður fengið lán úr sjóðnum með veði í fiskiskipi þar sem 27% eða 42% af heildarlánsfjárhæð voru bundin vísitölu byggingarkostnaðar, en slík lán voru afgreidd á tímabilinu 28. apríl 1978 til 23. júní 1980.

Lánin skuli miða að því að breyta hlutfalli áður afgreiddra vísitölulána, þannig að það verði 10% í stað 27% eða 42%.

Lánsfjárhæð skv. ákvæði þessu skal þannig ákveðin:

- a) (v/27% lána) 17/27 hlutar af nafnverði ógjaldfallins höfuðstóls, eins og hann er 2. nóvember 1981, margfaldaðir með byggingarvísitölu á afgreiðsludegi hins nýja láns deilt með byggingavísitölu á afgreiðsludegi eldra láns.

- b) (v/42% lána) 32/42 hlutar af nafnverði ógjaldfallins höfuðstóls, eins og hann er 2. nóvember 1981, margfaldaðir með byggingarvísitölu á afgreiðsludegi hins nýja láns deilt með byggingarvísitölu á afgreiðsludegi efra láns.

Andvirði hinna nýju lána gengur til lækkunar á ógjaldföllum höfuðstól þeirra lána, sem breyta skal.

Hin nýju lán skulu tryggð með 1. samhliða veðrétti í viðkomandi fiskiskipi og vera með þeim kjörum, sem í gildi verða á almennum skipalánnum í sjóðnum á afgreiðsludegi þeirra. Heimilt er stjórn sjóðsins þó, að krefjast frekari trygginga ef hún telur það nauðsynlegt. Gjald dagar lána þessara skulu vera 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Síðasti gjalddagi hinna nýju lána skal vera á sama ári og síðasti gjalddagi þeirra lána sem breyta skal.

Umsóknir um lán þessi skulu hafa borist sjóðnum eigi síðar en 31. desember 1981 og skal afgreiðsla þeirra vera lokið fyrir 1. apríl 1982.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. október 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Jón L. Arnalds.

2. nóvember 1981.

Nr. 629.

REGLUGERÐ

um einkennisfatnað fangavarða.

1. gr.

Einkennisfatnaður fangavarða í fangelsum og vinnuhælum skal vera sem hér segir:

1. Húfa skal vera úr hvítu efni með 5 cm breiðri uppistandandi gjörð, 5 cm breiðri reisu, kringlóttum hvítum flötum kolti, gljáleðursskyggni og hökuól, er fest sé á gjörðina með tveimur einkennishnöppum af minni gerð. Á gjörðinni skal vera svartur borði úr upphleyptu efni. Framan á borðanum og upp á reisinna skal vera skjaldarmerki Íslands úr málm, gyllt, 4 cm á hæð.
2. Jakki skal vera úr svörtu klæðisefni, með venjulegum kraga einhnepptur með þremur einkennishnöppum af stærri gerð. Á jakkanum skulu vera tveir hliðarvasar og einn brjóstvasi vinstra megin. Einnig skulu vera tveir innri brjóstvasar.
3. Vesti skal vera úr sama klæðisefni og jakkinn með fjórum vösum, hneppt með einfaldri röð einkennishnappa af minni gerð, 5 að tölu.
4. Buxur skulu vera úr sama klæðisefni án uppbrota, með fjórum vösum.
5. Kápa skal vera úr svörtu rykfrakkaefni, einhneppt, fóðruð, hnésíð og með tveimur vösum.
6. Frakki skal vera úr svörtu frakkaklæði, einhnepptur með 4—5 einkennishnöppum og rennilás innra, gærufóðraður, $\frac{3}{4}$ hnésíður með loðkraga og tveimur vösum.